

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf.

I.

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða ohf., orkubússtjóri, en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör orkubússtjóra og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði orkubússtjóra og stjórn Orkubús Vestfjarða bréf 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 26. október 2009 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Orkubússtjóri svaraði með bréfi dagsettu 7. október 2009. Bréfinu fylgdi meðal annars ráðningarsamningur frá árinu 1979, reglugerðir um orkubúið frá 1978 og 1996, samþykktir fyrir Orkubú Vestfjarða ohf. og ársskýrsla 2008. Í bréfinu kemur fram að upphaflega hafi Orkubú Vestfjarða verið sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eignarhluti ríkissjóðs hafi verið 40% en sveitarfélaganna 60%. Orkubú Vestfjarða hf. hafi verið stofnað á grundvelli laga sem sett voru 2001 og tekið til starfa 1. júlí sama ár og hafi eignarhlutdeild verið óbreytt fyrst um sinn, en í aprílmánuði 2002 hafi ríkissjóður keypt allt hlutaféð. Stjórn orkubúsins sé skipuð fimm mönnum. Starfsemi sé skipt í þrjú svið, orkusvið, rafveitusvið og fjármálasvið. Framkvæmdastjóri sé yfir hverju sviði en alls starfi rúmlega 70 starfsmenn hjá orkubúinu. Starfssvæðið sé Vestfirðir allir, frá botni Gilsfjarðar að botni Hrutafjarðar. Aðalskrifstofan sé á Ísafirði og þaðan sé fyrirtækinu stjórnað. Núverandi orkubússtjóri hafi gegnt starfinu í rúm 30 ár. Hann sé framkvæmdastjóri fyrirtækisins og hafi á hendi framkvæmd stefnu stjórnar þess. Til þess að draga úr yfirbyggingu fyrirtækisins og kostnaði gegni hann einnig öðrum störfum sem séu sérstaklega mönnum hjá öðrum orkufyrirtækjum. Afhendingaröryggi raforku sé afar ótryggt á Vestfjörðum sökum þess að þangað liggja einungis ein flutningslína, Vesturlína, í eigu Landsnets og áður Landsvirkjunar. Útslættir séu mjög tíðir og í slíkum tilvikum þurfi orkubússtjóri að sinna hlutverki upplýsingafulltrúa gagnvart fjölmiðlum og viðskiptavinum. Við nánast hvern útslátt jafnt að nóttu sem degi sé hringt í orkubússtjóra til upplýsingaöflunar. Í alvarlegri tilvikum mæti hann í stjórnstöð. Því megi með réttu halda fram að orkubússtjóri sé á sífelldri bakvakt, en fyrir hana hafi ekki verið greitt sérstaklega.

Í ráðningarsamningi kemur meðal annars fram að um greiðslur í lífeyrissjóð, laun í veikindum, orlof og tryggingar gildi ákvæði kjarasamnings Félags ráðgjafarverkfræðinga og Stéttarfélags verkfræðinga sem í gildi sé á hverjum tíma. Grunnviðmið við ákvörðun launa sé tafla um markaðslaun verkfræðinga, gefin út af Stéttarfélagi verkfræðinga. Laun hans hafi verið óbreytt frá 1. janúar 2008 þrátt fyrir hækkun viðmiðunarkjarasamnings um 5% 1. ágúst 2008. Að auki greiðist föst yfirvinna vegna ómælds vinnutíma. Hann leggi til eigin bíl vegna starfsins og fyrir það greiði orkubúið fyrir ákveðinn kílómetrafjölda á mánuði. Orkubúið greiði kostnað vegna heimilissíma og eigi og reki farsíma sem orkubússtjóri hafi afnot af. Þá noti hann fartölvu í eigu orkubúsins. Í bréfinu kemur fram að starfið sé umfangsmikið, krefjandi og tímafrekt og því hafi orkubússtjóri helgað sig starfi sínu. Hann sé varamaður í stjórn Samorku og sitji í skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði. Að endingu segir að orkubúið sé vel rekið fyrirtæki þar sem aðhalds og hófsemi sé gætt á öllum sviðum. Fyrirtækið sé nú með lægsta auglýsta raforkuverð á samkeppnismarkaði og þoli verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku samanburð við verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið hafi skilað hagnaði á síðustu fjórum árum, þ.m.t. á árinu 2008 þegar flest önnur íslensk fyrirtæki hafi verið rekin með miklu tapi.

Stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða ohf. svaraði með bréfi dagsettu 7. október 2009. Í bréfinu segir að orkubússtjóri hafi gegnt starfinu í meira en þrjátíu ár og búi yfir mikilli reynslu og þekkingu á orkumarkaðnum. Hann sé með sömu lífeyriskjör og launþegar á almennum markaði og fái ekki sérstakar greiðslur í séreignarsjóð frá fyrirtækinu. Hann sé með mun lakari lífeyriskjör en þeir sem greiði í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) og eigi það bæði við um A- og B- deild LSR. Nauðsynlegt sé að kjararáð taki tillit til þessa. Orkubúið sé með afar erfitt rekstrarsvæði. Engu að síður sé reksturinn í góðu jafnvægi og skuldir nánast engar. Hagnaður hafi verið á rekstrinum síðustu ár og eigi orkubússtjóri hvað mestan hlut að máli með mikilli ósérhlífni, kunnáttu og dugnaði. Eðlilegt sé að tekið verði tillit til fráberrar frammistöðu hans við ákvörðun launa, en þau hafi verið nálægt því sem laun forstjóra á almennum markaði hafi verið samkvæmt launakönnunum og hafi ekki hækkað frá ársbyrjun 2008. Þótt greitt sé fyrir fasta yfirvinnu jafnt yfir árið sé ekki um óunna yfirvinnu að ræða. Yfirbygging sé lítil og því þurfi orkubússtjóri oft að sinna starfinu utan hefðbundins vinnutíma, svo sem þegar rafmagn fer af einhvers staðar á starfssvæði orkubúsins.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 2. nóvember 2009. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör orkubússtjóra.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð orkubússtjóra drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Orkubússtjóri sendi bréf, dagsett 1. febrúar 2010. Í því sagði að ekki yrði ráðið af bréfi kjararáðs hvað réði nákvæmlega fyrirhugaðri ákvörðun ráðsins um launaflokk og einingafjölda og ætti hann því óhægt um vik með að taka afstöðu til ráðgerðra launakjara, þar með talið hvort viðeigandi innbyrðis samræmis væri gætt, bæði gagnvart embættismönnum og framkvæmdastjórum hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Óskaði hann eftir ítarlegri upplýsingum þar að lútandi. Hann benti á að framkvæmdastjórar hlutafélaga gætu borið skaðabótaábyrgð vegna starfa sinna, sbr. 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og almennar reglur skaðabótaréttar. Þá benti hann á að ýmsir þeir sem heyra undir kjararáð njóti meiri réttarverndar á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki yrði séð að lækkun samkvæmt fyrirhugaðri ákvörðun kjararáðs gæti fallið undir meðalhóf. Eðlilegt væri að réttaráhrif ákvörðunar kjararáðs miðuðust við tiltekinn dag í framtíðinni þannig að líta mætti svo á að núgildandi launakjörum hefði í reynd verið sagt upp í samræmi við samningsbundinn uppsagnarfrest.

Kjararáð sendi orkubússtjóra bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör þar sem meðal annars kom fram við hvað væri miðað við hana.

Andmæli bárust frá orkubússtjóra, dagsett 18. febrúar 2010. Í bréfinu er meðal annars vísað til þess að í bréfi kjararáðs hefði verið miðað við að mánaðarlaun hans miðuðust við mánaðarlaun tiltekinna forstjóra ríkisstofnana. Ekki væri hægt að leggja störf opinberra embættismanna og framkvæmdastjóra hlutafélaga að jöfnu þegar ákvarða skyldi laun fyrir viðkomandi störf. Vísaði hann til ábyrgðar forstjóra hlutafélaga og þeirrar staðreyndar að margir framkvæmdastjórar hlutafélaga hefðu hlotið refsíðoma vegna starfa sinna, en slík tilfelli væru fá meðal opinberra starfsmanna. Þá ætti ráðið einnig að taka tillit til þeirrar staðreyndar að uppfylli framkvæmdastjóri hlutafélaga ekki þær væntingar sem stjórn fyrirtækisins hafi til hans væri honum umsvifalaust sagt upp, en sumir embættismenn hefðu getað brotið fjárlög ár eftir ár án viðurlaga. Orkubú Vestfjarða væri ekki á fjárlögum og yrði að afla sér tekna með sölu þjónustu, sem væri bæði á samkeppnissviði og einkaleyfissviði. Hann óskaði þess að við röðun í launaflokk yrði tekið tillit til reynslu hans í starfi, farsældar og árangurs. Varðandi einingar væri ekki nokkur leið að átta sig á hvað lægi til grundvallar við ákvörðun þeirra. Grundvallaratriði í vinnurétti væri að greitt væri fyrir þá vinnu sem innt væri af hendi. Hann skilaði að minnsta kosti 50 yfirvinnustundum á mánuði og auk þess hvíldi bakvaktarkvöð á starfi orkubússtjóra. Meðalhófssjónarmiða við ákvörðun einingafjölda til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega hefði ekki verið gætt.

III.

Í samþykktum fyrir Orkubú Vestfjarða ohf. frá 2. maí 2007 segir að tilgangur félagsins sé að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi, stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin ræður forstjóra (orkubússtjóra) og fer hann með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til

nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækku launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna orkubússtjóra, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum forstjóra Veðurstofu Íslands, forstjóra Landhelgisgæslunnar og ríkisskattstjóra, en þeir eru í launaflokkum 135 og 137. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Kjararáð hefur fjallað um greiðslu fyrir setu í stjórn Samorku og er niðurstaða ráðsins að um sé að ræða hluta af aðalstarfi og skuli stjórnarlaun því renna til orkubúsins. Seta í skólafélag Menntaskólans á Ísafirði er ekki hluti af aðalstarfi.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða ohf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. (orkubússtjóra) vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 705.192 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum, skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Kjósi orkubússtjóri að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili orkubússtjóra greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Seta í stjórn Samorku er hluti af aðalstarfi og ber ekki að launa sérstaklega. Stjórnarlaun skulu því renna til orkubúsins.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör orkubússtjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi orkubússtjóra.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson